

Auglýsing um skipulag - Keflavíkurflugvöllur

Auglýsing um breytingu á aðalskipulagi Keflavíkurflugvallar og deiliskipulagi á öryggissvæðinu á Keflavíkurflugvelli.

Tillaga að breytingu á aðalskipulagi Keflavíkurflugvallar 2013-2030.

Tillaga að breytingu á aðalskipulagi Keflavíkurflugvallar 2013 - 2030. Breyting á byggingarheimildum á öryggissvæðinu (svæði B).

Utánríkisráðuneytið og Skipulagsnefnd Keflavíkurflugvallar hafa samþykkt að kynna tillögu að breyttu aðalskipulagi Keflavíkurflugvallar í samræmi við 1. mgr. 36. gr skipulagslaga nr. 123/2010. Breyting felur í sér auknar byggingarheimildir á öryggissvæði Keflavíkurflugvallar. Óskað er eftir ábendingum vegna tillögunnar fyrir 9. júní 2021. Tillagan er kynnt á heimasíðu Isavia <https://www.isavia.is/skipulag-i-kynningu> og á samráðsgátt stjórnvalda (samradsgatt.is), frá og með 28. apríl 2021.

Tillaga að breytingu á deiliskipulagi öryggissvæðisins á Keflavíkurflugvelli.

Utánríkisráðuneytið hefur falið Landhelgisgæslu Íslands að vinna breytingu á deiliskipulagi fyrir öryggissvæðið á Keflavíkurflugvelli. Landhelgisgæsla Íslands auglýsir hér með í samræmi við 1. mgr. 41. gr. sbr. 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 tillögu að breytingu á deiliskipulagi öryggissvæðisins á Keflavíkurflugvelli.

Deiliskipulagssvæðið er um 760 ha að stærð og afmarkast samkvæmt auglýsingu nr. 720/2015 um landfræðileg mörk öryggis- og varnarsvæða. Helstu breytingar eru m.a. viðbótar byggingarheimildir, breytingar og stækkun á byggingarreitum og nýir byggingarreitir. Þá eru afmörkuð svæði fyrir efnisvinnslusvæði, skotvöll og birgðageymslusvæði, breytingar gerðar á byggingarreitum í því samhengi og byggingarheimild hækkuð.

Deiliskipulagstillagan verður aðgengileg á samráðsgátt stjórnvalda (samradsgatt.is), frá og með 28. apríl 2021.

Nánari upplýsingar veitir skipulagsfulltrúi Keflavíkurflugvallar og öryggissvæða sveinn.valdimarsson@isavia.is.

Þeim sem telja sig eiga hagsmuna að gæta gefst kostur á að gera athugasemdir við tillögunar. Skila má skriflegum athugasemdum í gegnum samráðsgáttina, með bréfi til Landhelgisgæslu Íslands (b.t. Sveins Valdimarssonar skipulagsfulltrúa, Þjóðbraut 1, 235 Keflavíkurflugvelli) eða með því að senda tölvupóst á netfangið sveinn.valdimarsson@isavia.is. Frestur til að gera athugasemdir er til 9. júní 2021.

Keflavíkurflugvelli, 23. apríl.

Sveinn Valdimarsson,

skipulagsfulltrúi Keflavíkurflugvallar og skipulagsfulltrúi öryggissvæða.

(2021009324

 [Loka glugga](#)